

# HÚSÖNDIN

15.tbl. 1.árg.  
16.maí 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 17.-23. MAÍ 2018

18.5 *Egill Freysteinnsson*


19.5 *Hrafnhildur Kristjánsdóttir*

20.5 *Jorid Frieb-Preis*


21.5 *Björg Jónasdóttir*

22.5 *Dagbjört Sigríður Bjarnadóttir*

23.5 *Birgir Steingrímsson, Roman Jerzy Nowak*



FERMINGARGUÐSPJÓNUSTA MEÐ ALTARISGÖNGU  
VERÐUR Í SKÚTUSTAÐAKIRKJU  
NÆSTKOMANDI LAUGARDAG 19.MAÍ  
KLUKKAN 11:00



Fermd verða:

Anna Marý Yngvadóttir


Arna Þóra Ottósdóttir

Kristján Snær Friðriksson

Ólöf Kristín Lin Örnólfsdóttir

Verið velkomin!

sr.Örnólfur





MENNINGARMIÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

## Starf forstöðumanns Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Starf forstöðumanns Menningarmiðstöðvar Þingeyinga er laust til umsóknar.

Um er að ræða fjölbreytt starf á sviði safna og annarrar menningarstarfsemi.

Umsóknarfrestur rennur út þann 20. maí nk..

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu stofnunarinnar [www.husmus.is](http://www.husmus.is)

Einnig í netfangið: [safnahus@husmus.is](mailto:safnahus@husmus.is) eða í síma 896 8218

## FRAMBOÐSFUNDUR N-LISTANS – LISTA LÝÐRÆÐIS OG JAFNRÆÐIS

Framboðsfundur N-listans verður haldinn þriðjudaginn 22. maí  
í Skjólbrekku kl. 20:30. Stefnumál listans verða kynnt  
og frambjóðendur sitja fyrir svörum.

Verið öll velkomin.

N-listinn



# STYRKTARFÉLAG HEILBRIGÐISSTOFNUNNAR ÞINGEYINGA

Félagið hefur, í 22 ár, verið öflugur bakhjarl við kaup á tækjum og búnaði til sjúkrahússins og heilsugæslustöðavanna í sýslunum og því er stuðningur einstaklinga og fyrirtækja afar mikilvægur.

Ein mikilvægasta tekjuöflun félagsins er m.a. félagsgjöldin og leitum við því til þín/ykkar að leggja okkur lið með, skráningu í félagið.

ÖLL ÞURFUM VIÐ Á ÞJÓNUSTU ÞESSARA STOFNANA  
AÐ HALDA Á LÍFSLEIÐinni. Árgjaldið er kr. 2.500.-

Hægt er að skrá sig eftirfarandi:

Auður Gunnarsdóttir, Húsavík	sími: 861-7606
Guðrún Guðbjartsdóttir, Húsaík	„ 859-0222
Guðný María Sigurðardóttir, Ærlæk	„ 866-2591
Gunnar Brynjarsson, Mývatnssveit	„ 848-7597

Einnig á heimasíðu hsn undir styrktaraðili.

## AÐALFUNDUR

*félagsins verður haldinn 22.maí, kl 16:00 í kaffistofu  
heilsugæslunnar á Húsavík (gengið inn að vestan).  
Venjuleg aðalfundarstörf. Léttar veitingar verða á  
boðstólnum og hvetjum við alla til að mæta.*

*Stjórnin*

# SUMAROPNUNARTÍMI ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVAR SKÚTUSTAÐAHREPPS 2018 SPORTS CENTER

## **Frá 1. júní – 31. ágúst 2018**

ÍMS er opin alla daga vikunnar frá kl.08:00 – kl.20:00.

Verið velkomin í glæsilega þrekaðstöðu.

\*Hægt er að leigja íþróttasalinn á milli kl.08:00 – kl.20.00 alla daga vikunnar.

\*Sturtuaðstaða og búningsklefar eru opin frá 08:00-19:30

\*Gestir sem eigi ekki kort í þreksal eiga að yfirgefa húsið við lokun kl.20:00

\*Frekar upplýsingar eru veittar í afgreiðslu ÍMS og í síma: 464 4225

## **From 1st June – 31 August 2018**

### **Sports Center**

\*ÍMS Sport Center is open every day from 08.00 hrs – 20.00 hrs

\*It is also possible to hire the indoor athletics arena between 08.00hrs -20.00hrs everyday of the week.

\*Attention the shower facilities are open between 08.00 hrs – 19.30 hrs

\*The change rooms close at 19.30 hrs

\*All guests without gym membership should leave the premises by 20.00 hrs

\*For further information contact reception or phone: 464 4225

Geymið auglýsinguna!

Lokað 21. maí, annan í hvítasunnu

Closed 21st of May

Íþróttamiðstöð





## BRAUTSKRÁNING 2018

Ágætu Þingeyingar og velunnarar skólans.

Brautskráning nýstúdenta fer fram við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu á Laugum laugardaginn 19. maí kl. 14:00.

Við bjóðum ykkur öll hjartanlega velkomin að gleðjast með okkur og þiggja kaffiveitingar að athöfn lokinni í matsal skólans.

Þennan sama dag fer stofnfundur hollvinasamtakanna Vinir Laugaskóla fram í íþróttahúsinu kl 17:00. Velunnar skólans eru hvattir til að mæta á þann fund.

**Skólameistari Framhaldsskólans á Laugum**

## KJÖRSKRÁ VEGNA SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA 26. MAÍ 2018

Kjörskrá fyrir Sveitarfélagið Skútustaðahrepp vegna sveitarstjórnarkosninganna 26. maí 2018 liggur frammi á hreppsskrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, 660 Mývatni, frá og með 14. maí 2018 til kjördags á opnunartíma skrifstofunnar á mánudögum til fimmtudaga frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-15:00 og kl. 09:00-12:00 á föstudögum.

Þá er bent á upplýsingavef innanrikisráðuneytisins [www.kosning.is](http://www.kosning.is) en þar er að finna hagnýtar upplýsingar um framkvæmd kosninganna. Þar geta kjósendur einnig kannað hvar þeir eru á kjörskrá.

Sveitarstjóri



## AUGLÝSING UM KJÖRFUND Í SKÚTUSTAÐAHREPPI VEGNA SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA 26. MAÍ 2018

Kosið verður í einni kjördeild í Skjólbrekku. Kjörfundur verður settur kl. 10 árdegis og stendur til kl. 18 síðdegis.

Ath. ber þó 89. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 sem hljóðar svo:

*“Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósendi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósendi gaf sig síðast fram.*

*Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.”*

Talning atkvæða hefst eins fljótt og unnt er að lokinni kosningu og verður talið á kjörstað í Skjólbrekku.

15. maí 2018

Kjörstjórn Skútustaðahrepps,  
Elín Steingrímisdóttir (sign)  
Hólmgeir Hallgrímsson (sign)  
Agla Rögnvaldsdóttir (sign)





# RUSLAHREINSUN 2018

## Miðvikudag 23.maí - klukkan 17:30



Á hverjum stað er forsvarsmáður félagsins/félaganna beðinn um að skipuleggja hreinsunina og ná í ruslapoka og hanska á skrifstofu hreppsins þann dag fyrir 17:00. Boðið verður uppá nokkrar stærðir af maíspokum og minni svarta ruslapoka. Við hvetjum einnig fólk til að koma með eigin vinnuhanska. Gámavöllurinn á Grímstöðum verður opinn 18.00-19.30 svo hægt er að losna við ruslið. Fjöregg hvetur ykkur til að reyna að flokka eins mikið og mögulegt er. Gott er að losa ruslið úr plast ruslapokum og setja pokana í endurvinnslu.

Fjöregg, Skútustaðahreppur, Samkaup Strax og Jarðböðin bjóða í grillveislu við Jarðböðin kl.19:00. Kjörís býður uppá ís. Frítt í Jarðböðin fyrir ruslatínslufólk. Við hvetjum fyrirtæki til að taka þátt í deginum og hreinsa í kringum sig.

Skiptingin er eftirfarandi:

Frá Austurlandsvegi í Garð. Auk þess Grjótagjárvegur, Hverfjallsvegur og Dimmuborgarvegur. Umsjón **Fjöregg, Landeigendafélag Voga, Slysavarnarfélagið**. Mæting við Björk.

Frá Garði að Mátvatni.

Umsjón **Björgunarsveitin, Kiwanis og Akstursípróttafélag Mátvatnssveitar**. Mæting við Sel hótél.

Frá Arnarvatni að vegamótum á Öxl og frá Öxl að a.m.k.að Sandvatnsbrekku. Umsjón **Kvenfélagið og Menningarfélagið Gjallandi**. Mæting við Grímstaðaöxl.

Frá flugvallarvegi að Grímstaðaöxl.

Umsjón **Grímungar og Landeigendafélag Reykjahlíðar**. Mæting við flugvallarveg.

Frá flugvallarvegi, Reykjahlíðarþorp, gamli vegur frá skóla og upp að Bjarnarborg, austurlandsvegur að Kröfluafleggjara og vegurinn að Jarðböðunum.

Umsjón **Íþrótt- og ungmennafélagið Mývetningur og Golfklúbburinn**. Mæting við Dyngjuna.

Þeir sem ekki telja sig tilheyra þessum félögum, mætið þar sem þið viljið :)

Ef einhverjar spurningar vakna, endilega hafið samband við:  
Valērija Kiškurno - 863 4436

Hreinsum okkar fallegu sveit og eigum góða stund saman.  
Fjöregg og Skútustaðahreppur



## Annual Clean-up Campaign 2018

Wednesday 23rd of May at 17.30



Every spring the local government organizes picking up garbage around lake Mývatn. It's a time to be part of our community and help us keep our beautiful area clean. Please feel free to join any of the teams organized and/or if you have any questions about where to go or what to do, please contact us :)

All participants are invited to the Nature Baths at 19:00 for barbecue, ice cream and free entrance to the baths!

If you have any questions: Valērija Kiškurno +354 863 4436

Fjöregg and Skútustaðahreppur





Kæru Mývetningar,

N-listinn – listi lýðræðis og jafnræðis, býður fram til sveitarstjórnarkosninga þann 26. maí næstkomandi. Okkur er það hugleikið að í Mývatnssveit sé öflugt samfélag þar sem allir geta notið sín. Því leggjum við fram málefnalegar áherslur sem byggja á þeim sjónarmiðum.

*Stjórnsýsla og fjármál* – Þátttaka íbúa er einn af hornsteinum í heilbrigðri stjórnsýslu og því þarf að gæta lýðræðis til hins ýtrasta. Upplýsingaflæði til íbúa og gagnsæi gegnir þar mikilvægu hlutverki. Tryggja þarf að jafnræði gagnvart öllum íbúum sveitafélagsins skuli ætíð haft að leiðarljósi. Við viljum viðhafa ábyrga fjármálastjórn og forðast miklar skuldsetningar.

*Menntamál* – Börnin eru okkar framtíðarsjóður og hlúa þarf vel að leik- og grunnskóla. Við leggjum áherslu á uppbyggingu sundlaugar.

*Atvinnumál* – Við viljum styðja þétt við bakið á atvinnugreinum sveitarinnar sem fyrir eru og á sama tíma styrkja nýsköpun og frumkvöðla.

*Ferðamál* – Brýnt er að klára gerð stefnumótunar í ferðaþjónustu í sveitinni. Halda þarf að sér höndum um leyfi til frekari byggingar stórra hótela. Við viljum hlúa að umhverfi sveitarinnar og vernda íbúa fyrir ágengni og áreiti frá ferðamönnum.

*Samgöngumál* – Við teljum að viðhaldi vega sveitarinnar sé víða ábótavant, til dæmis heimreiða. Þrýsta þarf enn frekar á Vegagerðina að byggja upp og laga vegina. Við leggjum áherslu á fjölgun áningarstaða og gerð göngu- og hjólreiðastíga umhverfis vatnið.

*Umhverfismál* – Taka þarf til hendinni í umhverfismálum og er það hlutverk sveitarfélagsins að ganga á undan með góðu fordæmi.

Til frekari upplýsinga viljum við koma á framfæri að á fundi með fulltrúum N-listans og Þorsteini Gunnarssyni sveitarstjóra lýsti hann yfir áhuga á að endurnýja ráðningarsamning við sveitarstjórn til fjögurra ára að loknum kosningum. Við styðjum Þorstein til áframhaldandi starfa sem sveitarstjóra.

Arngrímur Geirsson og Hörður Halldórsson báru N-listann fram, en hann skipa:

Halldór Þorlákur Sigurðsson  
Sigurbjörn Reynir Björgvinsson  
Jóhanna Njálsdóttir  
Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir  
Hildur Ásta Þórhallsdóttir  
Sylvía Ósk Sigurðardóttir  
Pálmi John Price Þórarinsson  
Sólveig Erla Hinriksdóttir  
Sigurður Ásgeirsson  
Ásdís Illugadóttir

Menningarfélagið stóð fyrir tónleikum fyrir nemendur í Reykjahlíðarskóla, í Leikskólanum Yl og félagsstarfi eldri Mývetninga í apríl síðastliðnum. Fanney Kristjánsdóttir kom ásamt Daníel Starrasyni undirleikara og vöktu tónleikarnir mikla hrfingju.



Við þökkum Fanneyju og Daníel fyrir góða stund.

Menningarfélagið Gjallandi minnr á að hafi fólk sögur, ljóð eða almennar hugleiðingar um tilveruna má senda þær á [gjallandi@gjallandi.is](mailto:gjallandi@gjallandi.is) og verður efni birt í Húsöndinni þegar kostur er á.

AÐALFUNDUR GKM VERÐUR HALDINN  
16/5 KL 20:00 Í GOLFSKÁLANUM

Dagskrá  
Venjuleg aðalfundarstörf

Félagar hvattir til að mæta  
Nýjir félagar velkomnir

Stjórnin.

BETRI ER KRÓKUR EN KELDA



LITUM!

# ATKVÆÐAGREIÐSLA UTAN KJÖRFUNDAR



Athygli er vakin á því að Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra mun ekki bjóða upp á atkvæðagreiðslu utankjörfundar í Skútustaðahreppi vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018.

Hægt er að kjósa utankjörfundar á skrifstofu sýslumanns um land allt, m.a. á Akureyri og Húsavík.

Akureyri - skrifstofu sýslumanns, Hafnarstræti 107, virka daga kl. 09:00-15:00

Húsavík - skrifstofu sýslumanns, Útgarði 1, virka daga kl. 09.00-15:00

Þá er bent á upplýsingavef innanrikisráðuneytisins [www.kosning.is](http://www.kosning.is) en þar er að finna hagnýtar upplýsingar um framkvæmd kosninganna.



Það vildi svo skemmtilega til í aprílmánuði að Jónas Pétur og Siggí Bald voru jafnir og komu í það í 26 skipti. Þeir deila því með sér titlinum „Snagi mánaðarins” fyrir apríl.

Við komumst að samkomulagi við þá félagaga að þeir hefðu bikarinn hjá sér í hálfan mánuð hvor.

Spennandi verður að sjá hvernig maímánuður fer.